

VIÐVERUSTEFNA SKÓLA EHF.

Heilsa og lífsgæði starfsmanna Skóla ehf. skipta miklu máli og liður í að efla þá þætti var að stofna til samstarfs við Heilsuvernd fyrir allt okkar fólk. Óþarft er að fara mörgum orðum um hversu miklu máli það skiptir fyrir hið mikilvæga starf okkar á leikskólunum að líðan starfsfólks og mæting sé góð, slíkt smitar á jákvæðan hátt bæði til barnanna og samstarfsfólks.

MARKMIÐ OG TILGANGUR

Markmið með viðverustefnu Skóla ehf. er að bæta hag og lífsgæði starfsfólksins með aukinni vellíðan og góðu vinnuumhverfi sem stuðlar að eins góðri mætingu og viðveru á vinnustaðnum og hægt er. Með því skapast eftirsóttur vinnustaður til frambúðar.

Tilgangur er jafnframt sá að starfsmenn og stjórnendur hafi skýra og ákveðna verkferla í kringum tilkynningar, skráningar og viðbrögð við fjarvistum auk endurkomu til vinnu eftir langvarandi veikindi eða slys.

FERLI VEGNA FJARVISTA

Þar sem fjarvistir geta valdið álagi á vinnustað og haft áhrif á starfsanda og liðsheild er mikilvægt að gæta jafnræðis milli starfsfólks þegar kemur að viðbrögðum við fjarvistum. Skýr viðmið um hvað teljast tíðar fjarvistir auðvelda starfsfólki einnig að átta sig á viðbrögðum skólastjóra. Fylgjast þarf með viðveru á kerfisbundinn hátt, vera reglulega í sambandi við veikt starfsfólk og auðvelda því að koma aftur til starfa þegar heilsa þeirra leyfir. Nauðsynlegt er að kynna stefnuna við móttöku nýliða og reglulega eftir þörfum.

Allir skólar fyrirtækisins hafa sett sér sameiginlega verkferla um tilkynningar fjarvista og samskipti í fjarvistum sem hér segir:

Tilkynningar

Til að tryggja samræmd vinnubrögð varðandi tilkynningu veikinda er vinnuferlið sem hér segir:

1. Hringja daglega í **skólastjóra/staðgengil** og tilkynna veikindi á tímabilinu kl. 07:45–08:15*
2. Hringja daglega í **Heilsuvernd** og tilkynna veikindi milli kl. 08:00 og 15:00
3. Liðir 1 og 2 gilda jafnt um **veikindi starfsmanns** og **veikindi barna**

Ef veikindin vara lengur en eina viku heldur yfirmaður reglulegu sambandi til að sýna umhyggju og athuga með líðan. Tíðni samskipta fer eftir samkomulagi í hverju tilviki fyrir sig.

*Góðfúslega athugið að reglur varðandi tíma geta verið örlítið mismunandi milli skóla, skólastjórar á hverjum skóla veita nánari upplýsingar.

Langtímafjarvistir

Viðmið er að starfsfólk tilkynni fjarvistir daglega með símtali til skólastjórnenda/staðgengils í skólann milli kl. 07:45-08:15. Einnig þarf að hringja daglega í Heilsuvernd milli kl. 08:00 og 15:00. Ef um lengri veikindi er að ræða og fyrirsjáanlegt að starfsmaður muni ekki geta mætt um lengri tíma skal tíðni tilkynninga vera eftir samkomulagi hverju sinni.

Langvarandi fjarvera telst fjarvera vegna veikinda eða slysa sem varir meira en 20 daga. Skólastjóri eða deildarstjóri leggur metnað í að halda góðu sambandi við starfsmann í langvarandi fjarveru, meðal annars með því að hvetja hann til reglulegra heimsókna, þátttöku í uppákomum og námskeiðum, miðað við aðstæður hverju sinni. Það að starfsmaður haldi góðum tengslum við vinnustaðinn í fjarveru sinni getur flýtt fyrir og auðveldað endurkomu til vinnu.

Litið er svo á að langvarandi fjarvera geti haft neikvæð áhrif á vinnugetu starfsmanns og er honum því boðið að koma í samtal við skólastjóra þegar séð er fram á að endurkoma sé í auglýsn. Í samtalinu er farið yfir stöðuna samkvæmt *samtali um endurkomu til vinnu*, gerð áætlun miðað við heilsufar starfsmannsins og rætt um hugsanlegan stuðning vinnustaðarins, sveigjanleika í starfi, vinnutíma eða annað sem gæti auðveldað honum endurkomuna.

VOTTORÐ

Læknisvottorð

Skólastjórar hafa heimild til þess að óska eftir læknisvottorði vegna veikinda starfsmanns ef þörf þykir. Símtal til Heilsuverndar jafngildir læknisvottorði og með því að kaupa þjónustu þeirra er í raun um að ræða læknisvottorð í hverjum veikindum sbr. eftirfarandi ákvæði í kjarasamningum:

11.1 TILKYNNINGAR, VOTTORÐ OG ÚTLAGÐUR KOSTNAÐUR

11.1.1 Ef starfsmaður verður óvinnufær vegna veikinda eða slyss, skal hann þegar tilkynna það yfirmanni sínum sem ákveður hvort læknisvottorðs skuli krafist og hvort það skuli vera frá trúnaðarlækni hlutaðeigandi stofnunar. Krefjast má læknisvottorðs af starfsmanni vegna óvinnufærni hvenær sem forstöðumanni /yfirmanni stofnunar þykir þörf á.

Gildir þetta bæði um eigin veikindi og veikindi barna. Ef ekki er hringt til Heilsuverndar þá verða laun ekki greidd fyrir þann dag. Starfsmaður þarf ekki að skila vottorði annars staðar frá nema yfirmaður óski sérstaklega eftir því. Í þeim tilfellum sem yfirmaður óskar eftir öðru læknisvottorði endurgreiða Skólar ehf. viðkomandi starfsmanni þann kostnað.

Starfshæfnivottorð

Þegar starfsmaður hefur verið óvinnufær vegna veikinda eða slysa samfelld í 1 mánuð ber honum að skila svokölluðu starfshæfnivottorði þegar hann hefur störf á ný. Starfsmaður má ekki hefja störf án þess að trúnaðarlæknir Skóla ehf. votti að heilsa hans leyfi.

STYTTRI ERINDI („SKREPP“) OG FRÍ

Ef starfsmaður þarf nauðsynlega að skreppa úr vinnu vegna einkaerinda leitar hann leyfis hjá næsta yfirmanni, sem tekur afstöðu til þess hverju sinni m.t.t. aðstæðna í skólanum, þannig að ekki halli á aðra starfsmenn að þessu leyti. Slík erindi eru ekki skráð í launakerfi en eru skráð hjá næsta yfirmanni.

Starfsmenn ræða við skólastjóra sem allra fyrst ef þeir óska eftir tímabundinni fjarveru, svo sem vegna jarðarfara, ólaunaðra frídaga, læknisheimsókna, heimsókna í skóla barna o.fl. Hið sama gildir um sumarleyfi sem fellur utan sumarlokunar skólanna. Með því móti er auðveldara að skipuleggja vinnu og frídaga með tilliti til vinnuálags.

VIÐVERUHVATNING

Viðveruhvatningarkerfi fyrirtækisins virkar þannig að fyrir hverjar 6 vikur (samfelldar) sem starfsmaður mætir 100% þá fær viðkomandi ½ dag í frí á launum. Frí/leyfi sem starfsmenn eiga rétt á teljast EKKI til frádráttar fyrir utan þann tíma sem skólarnir eru lokaðir vegna sumarleyfa. Hvatningarfríinu ráðstafar starfsmaður í öllum tilfellum í samvinnu við skólastjóra.

VIÐVERUSAMTAL

Allir leikskólarnir hafa sett sér sameiginleg viðmið um hvenær starfsmaður er tekinn í samtal vegna fjarvista. Starfsmaður er kallaður í viðverusamtal við skólastjóra ef hann hefur verið fjarverandi vegna veikinda (eigin veikinda og/eða barna) sem hér segir:

- Samtals 7 daga á 6 mánuðum í tveimur aðskildum veikindum.
- Samtals 3 skipti á 6 mánuðum (þrjú aðskilin veikindi)

Í slíku samtali er farið yfir gögn úr viðveruskráningu. Starfsmaður getur hvenær sem er óskað eftir viðverusamtali við skólastjóra ef hann býr við erfiðleika eða vanlíðan af einhverju tagi eða vanlíðan sem geta haft áhrif á viðveru hans.

Í upphafi viðverusamtalsins er starfsmanninum tilkynnt að um sé að ræða trúnaðarsamtal milli hans og yfirmannsins og að honum sé ekki skylt að gefa persónulegar eða heilsufarslegar upplýsingar. Til þess að virða persónurétt starfsmannsins gætir yfirmaður þess að skrá einungis lágmarksupplýsingar um það sem fram kemur í samtalinu, hafa með málið að gera og eru sanngjarnar. Ekki skal skrá heilsufarsupplýsingar þó svo að starfsmaður hafi átt frumkvæði að því að ræða þær. Starfsmaður gæti haft áhuga á að ræða viss atriði sem spurt er um í samtalsforminu án þess að það sé skráð og ber að virða þann ákvörðunarrétt starfsmannsins.

Yfirmaður varðveitir upplýsingarnar á pappírformi í læstum skáp á meðan málið er í ferli. Eftir lok málsins eða starfslok starfsmanns skal gögnum úr samtalinu eytt innan tveggja ára skv. persónuverndarlögum.

SKRÁNING OG VISTUN UPPLÝSINGA

Skólastjóri færir upphafs- og lokadagsetningu fjarvista inn í vinnuskýrslu strax og fjarvistir hafa verið tilkynntar og um leið og starfsmaður kemur til baka til vinnu. Þar er einnig getið um hvort um eigin veikindi starfsmanns er að ræða, veikindi barna, orlof, launalaust leyfi eða annað. Upplýsingarnar verða nýttar sem hluti af rekstrartölum leikskólans og Skóla ehf. þar sem heildarviðverutölur eru skoðaðar á 6 mánaða fresti.

ÁVINNINGUR

Með þessu fyrirkomulagi og samvinnu við Heilsuvernd er ætlunin að stuðla að bættu vinnuumhverfi og aukinni vellíðan starfsfólks og tryggja aðgengi að heilbrigðisstarfsfólki sem er þjálfað í að greina einkenni, veita ráðleggingar og bæta heilsu okkar eins og kostur er. Því biðjum við ykkur góðfúslega um að leggjast á árar með okkur til að efla heilbrigði og lífsgæði starfsfólks Skóla, okkur öllum til hagsbóta.

Viðverustefnan tekur gildi 5. júní 2015 og verður endurskoðuð fyrir 1. júní 2016.

Ferli um skráningu og tilkynningar vegna fjarvista

